



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1  
765 Djúpavogi

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Gunnlaugur Róbertsson  
Skipulagsstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Djúpivogur, 12. júlí 2019  
MÍ201905-0084/ 6.08 / Þ.E.H.

### Efni: Skaftafell III-IV, Sveitarfélagið Hornafjörður - breyting á aðalskipulagi

Með bréfi dagsett 14. maí síðastliðinn óskaði Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri sveitarfélagsins Hornafjarðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 fyrir Skaftafell III-IV. Hægt var að nálgast breytingartillöguna á heimasíðu sveitarfélagsins, dagsett 11.07.2018. Markmið breytingarinnar er að heimila uppbyggingu gistingar og íbúðar/starfsmannaíbúða og þjónustuhúsa, allt að 5200m<sup>2</sup> í landi Skaftafell III-IV til að auka þjónustu við ferðafólk sem kemur í Örfæin. Breytingin nær yfir um 15ha landssvæði. Breytingartillagan felur í sér að landnotkun á svæðinu er breytt úr landbúnaðarlandi og skógræktar- og landgræðslusvæði yfir í verslunar og þjónustusvæði.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Fornleifaskráning hefur verið unnin fyrir Skaftafell af Fornleifastofnun Íslands ses., *Fornleifar í Skaftafelli* (skýrsla útgefin 2014, nr. skýrslu FS532-12031). Samkvæmt henni eru engar skráðar fornleifar innan þess svæðis sem þessi aðalskipulagsbreyting nær yfir. Heimildir eru hinsvegar fyrir því að þar sem þjóðvegurinn mættir veginum inn að Skaftafelli hafi bæjarstæðið Freysnes (SF-088:101) verið en það er skammt frá því svæði sem breytingartillagan nær yfir. Mögulega kunna minjar að leynast þar undir sverði sem er óheimilt að raska skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

*Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna breyttrar landnotkunar í Skaftafelli III-IV eins og hún var kynnt stofnuninni. Stofnunin minnir á að deiliskipulagslýsing og tillaga þurfa að koma til umsagnar hjá stofnuninni þegar þær liggja fyrir.*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Puríður Elísa  
Harðardóttir**  
Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

*Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllt,



Þuríður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagssvið sveitarfélagsins Hornafjarðar ([skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is))